

Fimmtudaginn 28. nóvember 1996.

Nr. 285/1995.

**Örvar Ingólfsson**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

**Íslandsbanka hf.**

(Jón G. Briem hrl.)

Víxilmál. Aðild. Greiðslustaður. Stef nubirting.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1995. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

#### I.

Stefndi reisir frávísunarkröfu sína á því, að áfrýjunarstefna hafi verið birt með ólögumætum hætti. Vísar hann um það til 4. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt henni skuli, ef félagi er stefnt, birta stefnu á stjórnstöð þess og þá að jafnaði fyrir æðsta starfsmanni félagsins, sem náð verði til. Stefnan hafi hvorki verið birt fyrir stjórnarformanni né bankastjóra í stjórnstöð stefnda að Kirkjusandi 2 í Reykjavík, heldur fyrir starfsmanni í útibúi stefnda að Parabakka 3 í Reykjavík. Bankaútibú geti hins vegar ekki verið aðili að dómsmáli, svo sem fram komi í dómum Hæstaréttar, meðal annars í dómasafni 1995, 1706. Þá eigi stefndi rétt á viku-stefnubirtingarfresti, sem ekki hafi fengist vegna þess, hvar stefnan var birt. Þar eð birting áfrýjunarstefnu sé röng, beri að vísa málinu frá dómi.

Áfrýjandi mótmælir þessum sjónarmiðum stefnda. Hann bendir á, að málið hafi í héraði verið höfðað gegn sér í nafni útibús stefnda í Parabakka. Eðlilegt hafi því verið að birta áfrýjunarstefnu þar. Í raun sé stefndi að halda því fram fyrir Hæstarétti, að útibú sín séu bær til þess að sækja mál fyrir dómi, en ekki að halda þar uppi vörn-

um. Að auki hafi verið sótt þing í málinu af hálfu stefnda þrátt fyrir annmarka, sem hann staðhæfi, að hafi verið á birtingu áfrýjunarstefnu.

Stefndi sendi Hæstarétti tilkynningu um, að hann hygðist halda uppi vörnum í málinu, sbr. 1. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991, sem hann hefur og gert. Skiptir þá engu, hvort galli hafi verið á birtingu áfrýjunarstefnu eða hún birt með of skömmum fyrirvara, sbr. 4. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991. Verður kröfu stefnda um vísun málsins frá Hæstarétti ekki sinnt.

## II.

Áfrýjandi heldur því fram fyrir Hæstarétti, að 4. desember 1986 hafi útibúi Iðnaðarbanka Íslands hf. við Drafnarfell í Reykjavík verið afhent víxileyðublað það, sem um ræðir í málinu. Hafi það þá verið með nafnritunum, en að öðru leyti var það útfyllt í desember 1992, svo sem getur í héraðsdómi. Hafi skjalið verið til tryggingar yfirdráttarheimild á hlaupareikningi Borgarholts hf. nr. 3490 við útibúið, en áfrýjandi er útgefandi og framseljandi á skjalinu. Í byrjun árs 1990 hafi reikningurinn verið færður til stefnda við sameiningu fjögurra banka, og var hann þá í útibúi stefnda í Drafnarfelli. Í nóvember sama ár hafi það útibúi verið sameinað útibúi stefnda í Þarabakka í Reykjavík. Hafi Borgarholt hf. þá fengið nýjan reikning nr. 53490, en jafnframt haldið eldri reikningi nr. 3490. Yfirdráttur á nýja reikningnum hafi, þegar bú Borgarholts hf. var tekið til gjaldþrotaskipta, numið rúmlega 3.500.000 krónum.

Fyrir Hæstarétti styður áfrýjandi sýknukröfu sína meðal annars við það, að umboð til að fylla út víxileyðublaðið hafi verið veitt Iðnaðarbanka Íslands hf. á sínum tíma. Telur hann það hafa fallið brott við sameiningu bankanna, en í síðasta lagi, þegar reikningsnúmerum var breytt.

Iðnaðarbanki Íslands hf. var einn fjögurra viðskiptabanka, sem voru sameinaðir 2. janúar 1990 í einn banka, Íslandsbanka hf. Með afhendingu víxileyðublaðs, sem ekki var ritað að fullu, tók áfrýjandi á sig fjárskuldbindingu gagnvart Iðnaðarbanka Íslands hf. Við sameiningu bankanna tók stefndi við réttindum þeirra og skyldum. Öðlaðist hann þar með rétt Iðnaðarbanka Íslands hf. til að ljúka við að útfylla eyðublaðið. Verður ekki fallist á, að umboð samkvæmt þeirri

yfirlýsingu áfrýjanda, sem getið er í héraðsdómi, hafi fallið brott með sameiningu bankanna eða breytingu reikningsnúmera Borgarholts hf., sem fylgdi í kjölfarið.

### III.

Til stuðnings sýknukröfu sinni vísar áfrýjandi jafnframt til þess, að stefnda hafi borið að afla nýs umboðs, svo að trygging hans samkvæmt víxileyðublaðinu gæti einnig náð til yfirdráttar á nýja reikningnum. Skuld sú, sem hann er krafinn um í máli þessu, var að mestu leyti á þeim reikningi. Einnig hafi stefnda verið óheimilt að setja hærrí fjárhæð á víxilinn en nam yfirdráttarheimild Borgarholts hf., sem hafi verið 2.300.000 krónur. Stefndi hefur mótmælt því, að þessar málsástæður fái komist að í málinu. Mótbárur um efni umboðs, sem Iðnaðarbanki Íslands hf. fékk með yfirlýsingunni, varðar lögskiptin að baki víxilkröfunni og eru ekki meðal þeirra varna, sem heimilaðar eru í 118. gr. laga nr. 91/1991. Komast mótbáru ekki að í málinu, sem rekið er eftir XVII. kafla þessara laga.

Þá vísar áfrýjandi einnig til þess, að er stefndi útfyllti víxileyðublaðið, hafi það um fleiri atriði verið í ósamræmi við umboðið, sem fyrir lá og getið er í héraðsdómi. Hafi hann þannig enga heimild haft til að setja ákveðinn gjalddaga á víxilinn, heldur hafi stefndi einungis haft heimild til að gera skjalið að sýningarvíxli. Mótbárur um efni umboðs, sem stefndi fékk með yfirlýsingunni, komast ekki að í málinu, svo sem áður getur.

Þá styður áfrýjandi sýknukröfu sína við það, að jafnvel þótt heimilt hafi talist að setja ákveðinn gjalddaga á víxilinn, hafi stefnda engu að síður borið að tilkynna fyrir fram um hinn fastsetta gjalddaga, svo að unnt yrði að greiða þann dag. Hann hafi hins vegar ekki sent áfrýjanda neina tilkynningu.

Samkvæmt meginreglum víxilréttar hafði stefndi umboð til að fylla skjalið út og gera það þannig að fullgildum víxli í merkingu 1. og 2. gr. víxillaga nr. 93/1933. Útgáfudagur á víxlinum er 22. desember 1992. Ekkert bendir til annars en gjalldagi og víxilfjárhæð hafi verið fyllt út, um leið og víxilinn var gefinn út. Þar með var skjalið ekki sýningarvíxill, heldur víxill með ákveðnum gjalddaga, en þetta var stefnda heimilt, er hann gerði skjalið að fullgildum víxli. Þurfti þá ekki sérstaka tilkynningu um gjalddaga, sem ákveðinn var á

grundvelli heimildar, er í umboðinu fólst. Getur áfrýjandi ekki borið þetta fyrir sig í málinu, en ómótmælt er, að víxillinn hafi verið í útibúi stefnda á gjalddaga 23. desember 1992.

## IV.

Áfrýjandi styður sýknukröfu sína auk annars við það, að útibúi stefnda hafi verið óheimilt að fylla út víxileyðublaðið, og hafi stefndi ekki mátt krefjast greiðslu víxilsins í útibúi sínu að Parabakka 3 23. desember 1992. Upphaflegt umboð til að fylla út víxileyðublaðið og krefjast greiðslu hafi verið veitt Iðnaðarbanka Íslands hf., en í texta yfirlýsingar, er víxileyðublaðinu fylgdi, komi fram, að það sé afhent aðalbankanum. Við það, að Iðnaðarbanki Íslands hf. var lagður niður, hafi umboðið færst til aðalbanka stefnda. Hafi honum einum verið heimilt að nýta umboðið til að fylla út víxileyðublaðið. Jafnframt hafi borið að greiða víxillinn í aðalbankanum eða útibúi stefnda við Lækjargötu í Reykjavík, þar sem áður voru aðalstöðvar Iðnaðarbanka Íslands hf., en ekki í útibúi stefnda að Parabakka 3. Greiðslustaður hafi því verið rangur.

Með vísan til dóma Hæstaréttar í dómasafni 1995, 224 og 372, verður fallist á, að útibúi stefnda að Parabakka 3 í Reykjavík teljist réttur greiðslustaður víxilsins. Ekki verður talið, að máli skipti, hvort heimild til að fylla út víxileyðublaðið var nýtt í aðalbanka stefnda eða útibúi hans.

## V.

Ekki eru fram komnar aðrar ástæður, sem komist geta að í víxilmáli og leitt geti til þess, að áfrýjandi sé laus undan þeirri ábyrgð, sem hann tókst á herðar með nafnritun sinni á víxileyðublað það, sem í málinu getur.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en málskostnað, en áfrýjanda verður gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðinn verður í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

## D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Örvar Ingólfsson, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 4.169.400 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. desember 1992 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. mars 1995.**

Mál þetta, sem dómtekið var 3. febrúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 17. desember 1993, af Íslandsbanka hf., útibúinu Þarabakka, Reykjavík, gegn Örvari Ingólfssyni, Unufelli 34, Reykjavík.

#### *Dómkröfur.*

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 4.169.400 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. desember 1992 til greiðsludags. Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 23. desember 1993. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins og virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en til vara, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða lægri fjárhæð en stefnufjárhæð nemur. Þá var gerð krafa um málskostnað.

#### *Málsástæður.*

Dómkröfur sínar reisir stefnandi á víxli, að fjárhæð 4.160.000 kr., út gefnum og framseldum af stefnda, Örvari Ingólfssyni, 22. desember 1992 og samþykktum af stefnda, Örvari, f. h. Borgarholts hf. til greiðslu 23. desember 1992 í Iðnaðarbanka Íslands hf., Reykjavík, nú Íslandsbanka hf., Reykjavík. Víxillinn er áritaður um, að fallið sé frá afsögn.

Lögboðið stimpilgjald kveður stefnandi vera 9.400 kr.

Stefnandi rekur málið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 og styður kröfu sína við víxillög nr. 93/1933.

Við munnlegan flutning málsins kom fram, að stefnandi heldur því fram, að fram lagður víxill hefði verið sýndur á gjalddaga í útibúi Íslandsbanka hf. að Þarabakka 3, Reykjavík, en jafnframt, að hann hafi verið sýndur við þingfestingu máls, er höfðað var til greiðslu umstefnds víxils 11. febrúar 1993, en það mál var fellt niður 2. júní 1993.

Sýknukröfu sína styður stefndi því, að stefnandi hafi beitt óheimilli og ólögmatrí aðferð til að halda víxilkröfunni í gildi. Stefndi kveðst hafa afhent útibúi Iðnaðarbanka Íslands hf. að Drafnarfelli í Reykjavík víxileyðublað með nafnritunum einhvern tíma á árunum 1984–1987, en óútfylltan að öllu öðru leyti. Þetta hafi átt að vera til tryggingar yfirdrætti Borgarholts hf. á hlaupareikningi nr. 3490 samkvæmt sérstöku skriflegu samkomulagi þar

um eða á grundvelli skriflegrar yfirlýsingar stefnda. Stefnandi hafi löngu síðar, í desember 1992, útfyllt eyðublað með tilgreiningu útgáfudags, gjalddaga og fjárhæðar án nokkurs samráðs við stefnda og án nokkurrar heimildar svo löngu síðar, enda hafi þá ábyrgð stefnda á grundvelli tilvitnaðs samkomulags verið löngu niður fallin, m. a. vegna fyrningar ábyrgðar skuldbindingarinnar. Fjárhæð sú, sem víxillinn hafi verið útfylltur með, hafi að auki verið hærri en yfirdrættinum nam. Til þess megi og vísa, að á tilgreindum útgáfudegi hafi engin fjárkrafa á hendur Borgarholti hf. komið fram, enda hafi félagið verið úrskurðað gjaldþrota 3. mars 1992 og skiptum lokið 31. júlí 1992 og samþykki stefnda fyrir hönd Borgarholts hf. 22. desember 1992 til greiðslu á víxlinum því verið markleysa þann dag, þar sem félagið hafi þá ekki verið til lengur.

Sýknukrafa er og á því byggð, að víxillinn hafi í reynd átt að vera gjaldkræfur við sýningu, en hann hafi hins vegar aldrei verið sýndur til greiðslu.

Við munnlegan flutning málsins hélt stefndi því einnig fram, að sýkna bæri í málinu vegna tómlætis stefnanda við að halda til laga rétti sínum samkvæmt víxlinum, svo og því, að stefnandi hefði ekki haft heimild til þess að fylla víxilinn út til tryggingar þeirri kröfu, sem við er miðað í málinu.

#### *Niðurstaða.*

Í yfirlýsingu á dskj. nr. 7, sem undirrituð er 4. desember 1986 af Borgarholti hf. og Örvari Ingólfssyni, kemur fram, að sama dag afhenti Borgarholt hf. Iðnaðarbanka Íslands hf. víxil, samþykktan af Borgarholti hf. og út gefinn af Örvari Ingólfssyni. Víxillinn var óútfylltur, að því er varðaði útgáfudag, gjalddaga og fjárhæð. Í yfirlýsingunni segir svo m. a.: „Víxillinn er afhentur bankanum til tryggingar lánaviðskiptum okkar við bankann, sem er yfirdráttarheimild á hlaupareikningi nr. 3490 og um er samið sérstaklega hverju sinni, og getur bankinn, hvenær sem hann sér ástæðu til, sett útgáfudag og fjárhæð á víxlinn, sýnt hann til greiðslu og innheimt hann á venjulegan hátt, ef greiðslufall verður.“

Óumdeilt er, að framangreindur víxill er sá, sem stefnandi reisir dómkröfur sínar á í málinu.

Ekki er fallist á þá málsástæðu stefnda, að ábyrgð hans samkvæmt yfirlýsingu á dskj. nr. 7 hafi verið niður fallin vegna fyrningar, þegar víxillinn var útfylltur af stefnanda.

Eins og greinir í yfirlýsingunni, var víxillinn afhentur stefnanda sem trygging vegna yfirdráttarheimildar á hlaupareikningi. Jafnframt er stefnanda veitt umboð til þess að rita fjárhæð á víxlinn. Mál þetta er höfðað samkvæmt 17. kafla laga nr. 91/1991. Sú málsástæða stefnda, að hærri fjárhæð hafi verið færð á víxilinn en heimilt sé samkvæmt nefndri yfirlýsingu, kemst ekki að í

víxilmáli. Verður hún aðeins höfð uppi í endurkröfumáli vegna lögskipta að baki víxlinum.

Pegar framangreind yfirlýsing er virt, verður ekki séð, að í henni felist heimild stefnanda til handa til þess að setja gjalddaga á víxlinn, eins og gert var, þar sem umboðið nær einvörðungu til þess að setja útgáfudag og fjárhæð á víxlinn, en gert ráð fyrir, að víxillinn verði sýndur til greiðslu. Telst ritun gjalddagans því ekkert gildi hafa, og ber að líta svo á, að víxillinn hafi verið gjaldkræfur við sýningu.

Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. víxillaga nr. 93/1933 ber að sýna slíkan víxil, áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi. Fram lagður víxill ber ekki með sér að hafa verið sýndur í útibúi Íslandsbanka hf. að Þarabakka 3, Reykjavík, eins og stefnandi heldur fram. Hins vegar liggur fyrir, að stefnandi höfðaði mál á hendur stefnda til greiðslu víxilsins, og var það þingfest 11. febrúar 1993. Telja verður, að framlagning víxilsins í dómi jafngildi sýningu hans. Var ákvæði 1. mgr. 34. gr. laga nr. 93/1933 þannig fullnægt og því ekki fallist á, að stefnandi hafi glatað víxilrétti á hendur stefnda.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda því teknar til greina.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 450.000 kr. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Örvar Ingólfsson, greiði stefnanda, Íslandsbanka hf., útibúi Þarabakka 3, Reykjavík, 4.169.400 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. desember 1992 til greiðsludags og 450.000 kr. í málskostnað.

---